

Dags eftirlits	12.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Gallon ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630921-2280	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Már Erlingsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending er sett fram vegna skila á umhverfisupplýsingum.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi olíubirgðastöðvar Gallon í Örfirisey. Eftirlitið er framkvæmt á grundvelli 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Notkun strimla í frárennismælingum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Í olíubirgðastöðinni er heimilt að geyma allt að 68.900 m³ af olíu og bensíni á hverjum tíma. Móttaka á úrgangsolíu er heimil.

Rekstraraðili fór yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, þ.m.t. skráningar í rekstrarhandbók.

Rætt var um mælingar og skráningar. Fram kom að lagnir hefðu verið þrýstiprófaðar á árunum 2023 og 2024. Í eldra starfsleyfi er krafa um þrýstiprófanir á neðansjávarlögnum árlega og öðrum lögnum á fimm ára fresti. Stofnunin bendir á að samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi skal þrýstiprófa olíulagnir í olíubirgðastöð eftir breytingar og viðgerðir sem og niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir, sbr. 14. gr. og 1. tl. 30. gr. reglugerðarinnar.

Rætt var um notkun olíustrimla til mælinga á olíu í fráveitu.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Á Eyjagarði var búið að koma upp nýjum mengunarvarnabúnaði. Athafnasvæðið er snyrtilegt og vel skipulagt og ekki tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 fyrir 1. maí 2026, sb. rg. nr. 205/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.01.2026



Sigríður Magnúsdóttir